



Ofnstopp ofn III - Elkem Grundartanga.

## Grundartangi - Ofnstopp ofn III

Verkið fólst í því að endurnýja stærsta ofn Elkem að Grundartanga ásamt skorsteinum ofnsins. Almenna sá um þann hluta verksins sem snýr að skorsteinunum.

Hönnunin var að mestu í höndum Elkem í Noregi. Hluti hennar fór samt fram hér á Almennu. Átta verktökum var boðið að bjóða í verkið, helmingur þeirra frá Noregi og helmingur héðan. Eftir að tilboðin bárust var fundað með hverjum og einum verktaka til þess að tryggja að hann hefði skilið alla skilmála verksins og áttað sig á flækjustigi þess.

Sérstök áhersla var lögð á öryggismál í þessu verki og var ráðinn tímabundið sérstakur öryggisfulltrúi sem var í fullu starfi við að fylgjast með öryggismálum. Stór hluti af undirbúningsvinnu Almennu verkfræðistofunnar var að áhættugreina verkið og skipta því niður í þætti. Fyrir hvern verkþátt var svo útbúin áhættugreining. Þetta eru nýjar áherslur hjá Elkem Íslandi og var þetta verkefni notað til að innleiða ný vinnubrögð hjá fyrirtækinu og stendur til að halda þessu vinnulagi fyrir öll verk í verksmiðjunni.

Hingað til hefur verkefnum af þessari stærðargráðu verið stýrt af erlendum sérfræðingum Elkem, nú í fyrsta skipti var það ekki gert. Verkefnastjórnin var íslenskur starfsmaður Elkem og hann hafði íslenska tæknimenn sér til aðstoðar.


Fyrir stærstu og áhættumestu verkþætti þurfti verktaki að skila inn verklýsingu sem lýsti því hvernig hann hygðist

standa að verki þannig að öryggis væri gætt og gæði verksins væru ásættanleg fyrir verkkaupa.

Áður en verktaki mátti hefjast handa við sérhvern verkþátt, stóran sem smáan, þurfti sá mannskapur sem vinna átti verkið að framkvæma áhættumat, þar sem farið var yfir allt verklag til að meta áhættuþætti vegna öryggismála. Þar þurftu menn sjálfir að lýsa því hvernig þeir hygðust standa að verkinu til að lágmarka líkur á slysum og afleiðingar þeirra.

Við endurnýjun skorsteina var sú breyting gerð að efsti hluti skorsteina er borinn uppi af þakinu í stað þess að standa á skorsteininum sjálfum eins og áður. Því þurfti að fara í miklar styrkingar á burðarvirki hússins, bæði inni í húsinu, í þakinu og eins á stálgrind sem er ofan á þakinu sjálfu. Samhliða þessu voru nýir skorsteinar smíðaðir. Nýju skorsteinunum var svo komið fyrir þegar þeir voru tilbúnir. Almenna hafði umsjón og eftirlit með þessum framkvæmdum. Prófanir á öllum búnaði þurftu að fara fram og allt þurfti að virka rétt áður en ofninn var settur í gang. Það tókst á tilsettum tíma með samstilltu átaki.

Þegar nokkuð var liðið á verkið komu menn auga á þann möguleika að stytta verktímann. Sá tími sem ofninn er ekki í gangi er mjög dýr og því var til mikils að vinna. Það tókst að flýta verklokum um eina viku án þess að til neinna alvarlegra slysa kæmi. Báðum þessum atriðum má þakka, a.m.k. að hluta, þeirri undirbúningsvinnu sem verkkaupinn lét framkvæma. Slíkt margborgar sig.



## Notkun glers í byggingum

Notkun glers í byggingum hefur færest í aukana undanfarin ár. Gler er m.a. notað sem veðurkápa á hús, fallvörn í handrið og vegg, í skyggni og á þök og gólf. Þrátt fyrir hina auknu notkun glers og hinar mörgu mismunandi tegundir og notkunarmyndir þess hefur burðarþolshönnun, orkubúskapur og öryggismál glers ekki þróast að sama skapi.

Almenna verkfræðistofan hefur sl. 4 ár markvisst byggt upp fagþekkingu á þessu sviði og verið í farabroddi varðandi þróun lausna sem gera kleyft að nota gler á hagkvæman og öruggan hátt – líkt og önnur byggingarefni.

Í nánu samráði við embætti Bygginga-fulltrúa, Umhverfissráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöðina, hafa verið haldnir fagfyrirlestrar, vinnulag þróað og tilraunabúnaður þróaður. Má þar nefna tilraunabúnað tengdan öryggismálum eins og útfærslu fallvarna – sérstaklega í opinberum byggingum þar sem ábyrgðarhlutverk og árekstrarálag á glerveggi er metið.

Almenna verkfræðistofan hefur komið sér upp hugbúnaði og vinnulagi til þess að meta orkubúskap glerveggja og bygginga í heild. Á þennan hátt sparast rekstrarorka og hægt er að minnka stærð og viðhaldskostnað hitunarkerfa. Með þessu móti má einnig auka gæði innivistar til muna og auka þannig ánægju notenda og fækka veikindadögum.



## Opnun Nauthólsvegur - Hlíðarfótar

Almennu verkfræðistofan hannaði götu um Vatnsmýrina sem hafði vinnuheitid Hlíðarfótar en hefur nú fengið nafnið Nauthólsvegur.

Opnun og vígsluathöfn fór fram 4. febrúar að viðstöddum borgarstjóra, ráðherra, fulltrúum samgöngunefnda og helstu fyrirtækja á svæðinu sem eiga hagsmuna að gæta.

Nauthólsvegur er mikilvæg tenging að nýbyggingu Háskóla Reykjavíkur, og einnig að Hótel Loftleiðum og Flugstöðum.

Umferð að þessu svæði hefur stór aukist með tilkomu HR og ný tenging með Nauthólsveg var nauðsynleg.

Heildarkostnaður við Nauthólsveg voru tæpar 500 millj.



VETRARGARÐINUM, SMÁRALIND 5.-6. MARS

## Viðhaldssýning í Smáralind

Almennu Verkfræðistofan mun taka þátt í sýningunni VIÐHALD 2010 sem verður haldin dagana 5. - 6. mars næstkomandi í Vetrargarðinum í Smáralind.

Sýningin verður stórglæsilegt upplýsingatorg þar sem einstaklingar, húsfélög og húseigendur fá svör við spurningum um allt það sem lýtur að viðhaldsmálum, svo sem greiningu vanda, réttindi og skyldur, fjármögnun, skipulag, tilboðsgerð, efniskaup, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit. Sérfræðingar á öllum sviðum upplýsa gesti sýningarinnar um hvaðeina sem brennur á þeim.



## Spilakvöld STAV

Þann 25. nóvember var tekinn upp sá gamli siður að hafa spilakvöld, þar sem spiluð var félagsvist. Spilaðar voru þrjár umferðir á fjórum borðum og voru vegleg verðlaun veitt fyrir stigahæsta mann kvöldsins eða tveir miðar í Bláa Lónið.

Spilakvöldið heppnaðist mjög vel og virtust allir hafa notið kvöldsins.

## Leynivinavika

Víkuna 7. – 11. desember var haldin Leynivinavika á Almennu verkfræðistofunni. Stór hluti starfsmanna tók þátt í leiknum og mátti sjá margar skemmtilegar hugmyndir að því hvernig hægt er að gleðja náungann. Í lok vikunnar var leikurinn gerður upp á árlegu jólagluggi starfsmanna þar sem

fólk giskaði á hver hefði verið sinn leynivinnur. Hljómsveit hússins tróð upp á jólaglugginu og spilaði nokkur jólalög ásamt því sem starfsmenn settu saman og skreyttu nokkur piparkökúhús sem voru svo til skrauts á kaffistofunni það sem eftir lifði aðventunnar.



Kolla "nýliði" sýndi flott tilþrif í brautinni.

## Keilumót

Fimmtudagskvöldið 21. janúar var árlegt keilumót STAV haldið í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Spilað var á þremur brautum.

Farandkeilan er veitt fyrir stigahæsta staka leik, auk þess að þeir sem eru stigahæstir samtals úr tveimur leikjum fá að launum glæsilegar kórónur. Keppnin var æsispennandi eins og alltaf þar sem ekki voru mörg stig sem skildu að efsta og næst efsta mann.

## Söguhornið



### Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi

Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi varð til við sameiningu Landspítalans og Borgarspítalans árið 2000. Borgarspítalin, sem var stofnaður og rekin af Reykjavíkurborg, var formlega opnaður 28. desember 1967 þegar fyrsta sjúkradeildin tók til starfa, en áður höfðu ýmsar stóðeildir tekið til starfa. Borgarspítalin varð strax aðal bráða- og slyasjúkrahús landsins og veitti almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Árið 1996 varð til Sjúkrahús Reykjavíkur við samruna Borgarspítalans og St. Jósefsspítala Landakoti. Sjúkrahús Reykjavíkur var helsta bráðasjúkrahús landsins og veitti slysa- og bráðþjónustu allan sólarhringinn.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skipaði nefnd árið 1948 til að undirbúa byggingu Bæjarspítala Reykjavíkur eða Bæjarsjúkrahúsið í Fossvogi eins og stendur á mörgum teikningum. Ári síðar var Húsameistara bæjarins, Einari Sveinssyni ásamt Gunnari Ólafssyni arkitekt, falið að hanna sjúkrahúsið.

Grunnur var tekinn sumarið 1952 á fyrsta áfanga bygginganna, A-álmu. Byggingunum í Fossvogi er skipt í eftirfarandi hönnunaráfanga, A-, B-, C-, D-, E-, F- og G-álmur. Í daglegum rekstri er þessu skipt í eftirfarandi heiti, A-, B-, E- og G-álmur. Hönnunin var lengi í gangi með hléum frá um 1950 og til ársins 1965. Húsið var í byggingu til ársins 1965 en framkvæmdum var oft frestað, meðal annars vegna þess að forsendur og hugmyndir breyttust, auk þess sem lögbodin framlög ríkisins létu á sér standa allan byggingartímann.

Margóft hefur verið byggt við álmurnar og ofan á þær í gegnum árin og farið hefur verið í margar framkvæmdir innan dyra vegna breytinga á þeirri fjölbreyttu starfssemi sem fram fer á spítalanum.

Byggingarnar eru um 30.000m<sup>2</sup> og hefur AV séð um burðarvirkishönnun bygginganna frá upphafi, fyrst undir merkjum Almennu byggingarfélagssins. Jarðskjálftagreining á A-álmu byggingarinnar hefur einnig verið gerð vegna viðamikilla breytinga og endurbóta sem fóru þar fram á árunum 2002-2005.